

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1943.

Skógurinn: Sala skógarafurða. Eins og í fyrra hefur megnið af seldum við verið efniviður, enkum girðingatstaurar. Þeir hafa verið flokkadír eftir gildleida. Þá var einnig höggnar mjóar renglur. Höggisíð var og selt sem hér segir:

Flokkur.	Gildleiki.	Stykkjatala.	Pungí.
a. Staurar	4-5 cm.	3428	ca. 19.000 kg.
b. - -	5-7 -	531	- 6,100 -
c. Reiktur		1000	- 500 -
d. Smíðasfni	10-20 -	selt á Hallormsstað	675 -
- - - - - sent Skógrækt ríkisins			1.000 -
<u>Samtals:</u>		<u>4.959.</u>	<u>27.775 kg.</u>

Gildleiki stauranna er miðadur við 1.3 m. frá gildari enda, eða frá jörðu á óupphögnum við.

Fyrri hluta árs voru staurar 4-5 samliggjandi í skóginum á 1.50 kr, en síðar á 1.75 kr. síðari hluta ársins á 1.75 og 2.00. Staurar áf 5-7 cm á sama hátt á 3.00-3.50 kr. Ef flytja þurfti að bílvegi voru grennri staurar seldir á 1.65, og gildari á 3.50-4.00 kr.

Frævöxtur varð enginn á þessu ári.

Maðkur gerði áframhaldandi vart við sig. Mest var um hann á nýgræðingi, enkum í myrlendi. Á eldum og yngra skógi bar ekki mikil á maðkárásinni.

Framræsla: Í sambandi við fyrirhugaba ffamræslu í Mörkinni og stækunar græðireitsins, var grafinn opinn skurbur utan við Mörkina, til að fá framrás fyrir vætu úr læknum innan girðingarinnar. Lengd er um 100 metrar, breidd 1.80m. Skurður þessi þurkar og myrlendi í hestagirðingu utan við Merkurgirðingu. Þá var hreinsabur botninn á gamla skurðinum í Mörkinni. Einnig var bætt við lokræsi í hið nýja stykki græðireitsins.

Vegargerð og girðingar: Gerður var bílfær vegur niður Mörkina, ofan græðireitsins. Skógargirðingin var endurbætt á þeim kafla sem eftir var, sem sé trá Hálshlíð að Hafursá og niður með henni að Lagarfljóti. Settur var gaddabír í stað sléttur vírstrengjanna er fyrir voru. Einnig voru nýjum staurum bætt í á þessum kafla, og eins í Hádegisfjalli og víðar. Girðingin er þá sauðheld, ef nokkur girðing heldur á annað bord.

Vedurfar og veðurathuganir: Veturinn 1942-1943, var ræsasamur, og umhleypingar þeir mestu er komið hafa seinustu áratugina. Skiptist á þýða og frost og stormar. Áttir var norðvestan eða vest-norð-vestan mesta hluta værar. Vorð var í mesta máta óblítt og svarf svo að erlendum trjágróðri, einkum furu að litlu munuði að stórskemmdir yrðu á gömlum furutrjám og margar hlíðargræiner kólu, eða þornuðu veðrarmegin á trjénum, en á vesturhlíð eða austurhlíð, þeirri hlíð er vissi undan froststorminum bar ekki á visnun.

Eftirfarandi tölur úr veðurbókunum hér sýna meðalhita og meðalúrkumu hvers mánaðar. Meðalhitinn er reiknaður samkv, reglum veðurstofunar, og munu síðar birtast í mánaðarriti hennar, en það er svo langt á eftir tímanum að skýrslur hennar koma ekki að gagni við samanburð á þeim áhrifum sem tíðarfari hefur á skógar og trjágróður frá ári til árs á hverjum athugunarstöðum. Þó má ef til vill með mikilli fyrirhöfn gera þann samanburð lönugu eftir á, ef fyrir hendi eru glöggar lýsingar á gróðurfari og skemmdum á gróðri.

	Hiti. ^o	Úrkoma.m.m.
Janúar	2.0 -	116.0 - -
Febrúar	3.1 -	31.8 - -
Marz	1.0 -	33.0 - -
Apríl	1.2 -	17.1 - -
Mai	4.4 -	4.4 - -
Júní	9.2 -	24.7 - -
Júlí	11.3 -	47.1 - -
Ágúst	6.2 -	21.4 - -
September	7.3 -	39.7 - -
Október	3.2 -	113.7 - -
Nóvember	1.2 -	41.4 - -
Desember	1.6 -	22.7 - -
<u>Samtals:</u>	<u>41.5 -</u>	<u>513.0 - -</u>
<u>Meðaltal:</u>	<u>3.5 -</u>	<u>42.7 - -</u>

Mestur hiti var 2/7 23 $\frac{1}{2}$ ^o.

Minnstur hiti 13/2 ± 16 $\frac{1}{2}$ ^o.

Meðalhiti sumars júní-september var 8.5^o. og er það sem næst sami meðalhiti og í fyrra (1942) þessi sumur eru án efa með þeim svölustu er hér koma. Kemur það hart niður þegar slík sumur

koma hvert á eftir öðru. Nokkrir hitadagar komu í júlí í röð með 20-22° á C. Fór þá öllum gróðri vel fram, en ágúst-mánuður var sál kaldasti í manna minni. Maí var og kaldur.

Skógurinn varð grænn 17. júní, en efst ekki fyr en 22. júní. Lengstu árssprotar urðu.

Græðireiturinn: Sáð var í græðireitinn:

Birkifræi 15 kg.

Reynibíðarfræi 9 kg.

Sitkagreni 1 kg.

Settir voru græðikvistir Ribs 8.000

- - - - - - - - - - Víðir ísl 4.200

- - - - - - - - - - Þingv. 800

Samtals: 13.000

Dreifplantað var. Björk 15.000

- - - - - - - - - - Reynir 8.200

- - - - - - - - - - Ribs 3.200

- - - - - - - - - - Sólber 600

- - - - - - - - - - Gulv. ísl 500

- - - - - - - - - - Þingvitir 23

- - - - - - - - - - Heggur 50

Samtals: 27.573

Birkifræid kom allvel upp, en reynifræ sáð í fyrra 1942 kom illa upp. Græðikvistir af ribð hepphuðust samilega. Víðirinn festi vel rætur.

Vanhöld í birki-dreifplöntubeðunum urðu lítil, en þó nokkur. Aðrar tegundir höldu dreifplöntunina vel. Kom þá í ljós sem oftar að flutningar á laufgubum birki-fræplöntum er vandkvætum bundinn. Í haust voru birkipl. ífræbeðunum teknar upp og slegnar niður í þar tilbúnnum byrgi, til að seinka laufgun að vorinu, og koma í veg fyrir vanhöld á plöntunum.

Vöxtur varð minni en í fyrra, einkum á dreifplöntubeðum. Plöntur á 4 ári uxu og minna eða birki um.

Reynir Birki á 2 ári í fræbeðum fór vel fram, en á 1. ári miður.

Áburðarmagn: Flutt var í réftinn um 115 kerruhlöss búpeningsáb. und þess nokkuð af gamalli grásrótarluslu

Keypt var 7 tonn Tunáburður.

- - - 5 - - Garðáburður

- - - 2 - - Kalfi.

Aí þessum 14 tonnum var borð á 6 tonn.

Látíp í skiptum fyrir búfjárab. 6 -----

Geymt til næsta árs - - - 2 - -

Sandur var fluttur í reitinn ca. 57 tonn.

Stækkun græðbereitsins sú er undubúin var í fyrra, var nú fullgerð. Er þessi viðbót ca. 1/7 ha. 1500 m^2 , Eins og gettöð var um í fyrra var nokkur hluti svæðisins deiglendur og voru þar gerð lokræsi í fyrra (sjá skýrslu 1942)

Útlátnar plöntur:

| | | |
|------------------------------|---------------|--------------------|
| 1. Seldar plöntur á staðnum. | Björk | 916 stk. |
| - - - - - | Reynir | 371 - |
| - - - - - | Ribs | 306 - |
| - - - - - | Vífir | 142 - |
| - - - - - | <u>Sólber</u> | <u>41</u> - |
| | Samtals: | 2.246 - |
| 2. Sendar Skógrækt ríkisins. | | <u>18.000</u> - |
| | Alls: | <u>20.276</u> stk. |

Eftir tegundum sundurlitast plönturnar þannig:

| | | |
|---------------|-----------|------|
| Björk | 10.916 | stk. |
| Reynir | 6.871 | - |
| Vífir | 142 | - |
| Ribs | 2.306 | - |
| <u>Sólber</u> | <u>41</u> | - |
| Alls: | 20.276 | stk. |

Námskeið var auglýst fyrir stúlkur að vorinu, en engin umsókn berst. En Guttormur Sigbjartsson umferðarkennari hjá Ungmennu- og fþróttasönb. Austurlands, dvaldi hér um 3ja vikna tíma, til þess að kynnast trjárákt og plöntuuppeldi. Sökum ótíðar varð dvalartími hans styttri en áformad var. Guttormur Sigbjartsson hefur tekist á hendur að leiðbeina á ferðum sínum og vekja áhuga á trjárákt.

Ferðarlög: Á sumrinu fór ég til Vopnafjarðar, Mjóafjarðar og Norðfjarðar, en auk þess fór ég um Seyðisfjörð og Eskifjörð svo og Dellaþrepp í Nordur-Múlasýslu. Um ferðir þessar hef ég gert nánari skýrslu.